



Fundargerð nr. 32

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 01.04.2025
Fundartími:	8:15-10:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Árni Eiríksson, oddviti

Að auki sat Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið 4.

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Staða vegna íbúðarbyggðar við Þingborg

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir stöðu mála vegna nýrrar íbúðarbyggðar við Þingborg. Samráðsfundur var haldinn með Eflu 31.03.2025 en þar kom fram að þau eru tilbúin að hæðarhanna hverfið og hanna fráveituna. Efla mun skila tillögum að hreinsivirki og óskaði sveitarfélagið eftir að fá tillögur um skalað hreinsikerfi sem hægt er að bæta við eftir því sem byggðin stækkar. Einnig óskað eftir tillögu frá Eflu að hentugri áfangaskiptingu sem helst í hendur við hönnunina. Efla gerir ráð fyrir því að útboðsgögn verði klár í júní. Rarik eru klárir þegar þarf og vita af verkefninu. Efla sendir þeim grunn þegar hann er klár. Stendur til að funda með stjórn Hitaveitu Hraungerðishrepps á næstu dögum. Börkur Brynjarsson mun koma að vatnsveitumálunum með Eflu a.m.k. til að byrja með. Nefndin ræddi um hvort gera ætti aftur breytingu varðandi fremstu lóðirnar þ.e að það séu áfram raðhús en ekki eins mörg og voru teiknuð inn. Sveitarstjóri skoðar það með Eflu.

2. Verkefnastjóri verklegra framkvæmda í Flóahreppi

Alls bárust 8 umsóknir um starfið. Verið er að vinna úr umsóknum.

3. Íbúðarbyggð í Vestur-Meðalholtum

Haldinn var samráðfundur veituaðila föstudaginn 28. mars. Berki Brynjarssyni var falið að hanna vatnsveituna og mun sú hönnun stýra öðrum veitum. Allar lagnir verða í sama skurði.

Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess við sveitarstjórn að gerður verði skýr verferill sem snýr að vatnsveitu og ljósleiðara á vegum sveitarfélagsins þegar skipulagslýsingar vegna nýrra deiliskipulaga eru teknar fyrir í skipulagsnefnd og samþykktar af sveitarstjórn. Að mati nefndarinnar er brýnt að við gerð nýrra deiliskipulaga innan Flóahrepps séu settar kvaðir um aðgengi að vatnslögnum vatnsveitunnar og að skýrt sé tekið fram að ljósleiðari á nýjum svæðum sé háður samþykki sveitarfélagsins og því að rými sé í kerfinu til nýrra tenginga.

4. Staða verkefna hjá umsjónarmanni fasteigna

Pallasmíðin við útikennslusvæðið í Flóaskóla gengur vel og klárast á næstu dögum. Verið að koma niður nýju leiktæki sunnan við skólann. Þar þurfti að jarðvegsskipta undir tækið. Munu einnig nýta sama fyrirtæki í að laga í kringum rólur, ærslabelginn o.fl. lagfæringar á skólalóðinni. Farið yfir teikningar vegna breytinga í Þingborg.



Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að gera aðgengi fyrir hreyfihamlaða skrifstofumegin og sé því ekki endilega tengt þeim framkvæmdum sem stefnt er að í vor. Það myndi einnig kalla á breytingu á salerni á skrifstofu þannig að þar væri aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Sveitarstjóri mun skoða þann möguleika með Sigurði Unnari hönnuði.

Ef aðengi fyrir hreyfihamlaða kemst fyrir skrifstofumegin þá myndi rýmið sem hugsað var fyrir lyftu eða ramp nýtast áfram sem hluti af salnum og mögulega aðstaða fyrir kennara þar. Ekki væri þá þörf á að opna í gegnum steiptan vegg þar eða setja upp háan vegg til að loka af. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að skoðað verði að koma fyrir sturtuaðstöðu á salerni í anddyri sem væri ætlað sem kynhlutlaus klefi og klefi fyrir hreyfihamlaða.

5. Áhaldahús sveitarfélagsins

Sveitarstjórn hefur samþykkt að kaupa tvö iðnaðarbil fyrir áhaldahús sveitarfélagsins. Skoða þarf vel hvernig skilalýsing verður á húsinu. Umsjónarmaður fasteigna mun skila inn upplýsingum um helstu atriði sem sveitarfélagið óskar eftir áður en eigandi leggur inn lokateikningar.

6. Úthlutunarreglur

Farið yfir drög að úthlutunarreglum fyrir sveitarfélagið. Nokkur atriði rædd:

- Lögð áhersla á að gjöld sem greitt er fyrir lóð endurspegli raunkostnað.
- Framsal lóða verði óheimil fyrir ákveðið byggingarstig.
- Skoða tímafrest varðandi það hvenær á að skila inn teikningum eftir að lóð hefur verið úthlutað (grein 11 í drögum að úthlutunarreglum)
- Sveitarstjórn geri lýsingu á hvernig útdráttur fer fram þannig að það liggi fyrir áður en til útdráttar kemur.
- Skoða þarf viðbrögð við því hvað gerist ef umsækjandi sækir um fleiri en eina lóð.
- Rætt um lið 7 í drögum að úthlutunarreglum. Skoða orðalag í grein 7.3. Nefndin telur æskilegt að einstaklingar hafi möguleika á að sækja um parhús en að raðhúsum sé úthlutað til verktaka.

Að öðru leiti telur framkvæmda- og veitunefnd það vera sveitarstjórnar að taka ákvarðanir um einstaka þætti í úthlutunarreglum t.d varðandi það hvort rukka eigi byggingarréttargjald eða ekki.

7. Önnur mál

Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að verktakar í vatnsveitu hefji framkvæmdir ársins eins fljótt og auðið þar sem miklar framkvæmdir eru áætlaðar á árinu.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 29. apríl kl. 8:15 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra